



Alþingi
Erindi nr. P 135/3091
komudagur 11.8.2008

Reykjavík 10. ágúst 2008.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
Reykjavík.

Efni: Umsögn um breytingu á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, 66. mál, með síðari breytingum (eigendasaga myndverka o.fl.).

Sambandi íslenskra myndlistarmanna hefur borist beiðni frá Viðskiptanefnd Alþingis um umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 28/1998.

Stjórn sambands íslenskra myndlistarmanna hefur á fundi fjallað um þær breytingar sem Viðskiptanefnd Alþingis hefur lagt til að gerðar verði á frumvarpi til laga um verslunaratvinnu, 66. mál, eigendasögu myndverks.

Niðurstaða stjórnar SÍM var að sú lausn sem lögð er til að þessu sinni sé ákjósanleg að því einu atriði undanskildu að lágmarksverð myndverks sé 500.000 kr. Leggur stjórn SÍM til að ekki verði tilgreint neitt sérstakt lágmarksverð.

Virðingarfyllst,
F.h. stjórnar Sambands íslenskra myndlistarmanna,

Áslaug Thorlacius, formaður